

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

9. fundur – 8. mars 1999

Fundargerð

Fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 8. mars 1999. kl. 17:15 á bæjarskrifstofum Kópavogs, 2. hæð.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, Sigurborgar Daðadóttur, skrifstofustjóra og Páls Stefánssonar heilbrigðisfulltrúa. Sigurlaug Sigurðardóttir og Katrín Gunnarsdóttir boðuðu forföll. Þóra Guðnadóttir, varamaður, sat einnig fundinn.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 8. fundar heilbrigðisnefndar.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðina

2. Starfsleyfi samkvæmt matvælaeðlugerð.

2.1 Álfhólsvegur 32 – söluturn með ís/samlökugerð

Lögð fram umsókn Viggós G. Jóhannssonar f.h. Prumuvídeós kt. 120855 -3289, um leyfi til að starfrækja söluturn með ís, samlökugerð og grilli að Álfhólsvegi 32. Endurnýjun vegna eigendaskipta. Samþykkt.

2.2 Auðbrekka 25 - veitingahús

Lögð fram umsókn Halls Eyfjörð Þórðarsonar f.h. Stúdíó - Val ehf., kt. 450697 - 2449, um leyfi til að starfrækja veisluþjónustu og salaleigu að Auðbrekku 25. Endurnýjun vegna eigendaskipta. Samþykkt.

2.3 Smiðjuvegur 8 - fiskbúð

Lögð fram umsókn Pálma Karlssonar f.h. Fiskbúðarinnar okkar ehf, kt. 520198 - 2459, um leyfi til að starfrækja fiskbúð með vinnslu að Smiðjuvegi 8. Endurnýjun vegna breytinga. Samþykkt.

2.4 Hæðasmári 4 - skyndibitastaður

Lögð fram umsókn Ólafs Þórs Jónssonar f.h. Lystauka ehf., kt. 470898 - 3059, um leyfi til að starfrækja skyndibitastað að Hæðarsmára 4. Ný starfsemi. Samþykkt.

2.5 Garðatorg 7 - veitingarekstur

Lögð fram umsókn Þórarins Guðmundssonar f.h. Veislusmiðjunnar, kt. 610498 - 2059, um leyfi til að starfrækja veitingarekstur að Garðatorgi 7, Garðabæ. Nýtt starfsleyfi. Samþykkt.

2.6 Reykjavíkurvegur 60 - veitingarekstur

Lögð fram umsókn Einars Halldórssonar f.h. Vaxandi ehf., kt. 511298 - 2109, um leyfi til að starfrækja veitingarekstur að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Endurnýjun vegna eigendaskipta. Samþykkt.

2.7 Mjósund 2 - kaffihús.

Lögð fram umsókn Kristjáns Helgasonar f. h. Fagur fiskur í sjó ehf, kt. 550199 2979, dags. 9.2.99, um leyfi til að starfrækja kaffihús að Mjósundi 2, Hafnarfirði. Endurnýjun vegna eigendaskipta. Samþykkt leyfi til reksturs kaffihúss með minni háttar baksturs og framleiðslu matvöru á staðnum staðnum.

3. Leiðbeiningar fyrir starfsemi sem valdi getur mengun.

3.1 Almenn skilyrði fyrir veitingu starfsleyfa og viðmiðun um gildistíma.

Samþykkt.

3.2 Sértek skilyrði fyrir veitingu starfsleyfa.

Samþykktar starfsreglur fyrir málmsmíði, vélsmiðjur, bifreiðaverkstæði þ.m. bifreiðasprautun, réttingaverkstæði, og fiskvinnslu.

4. Starfsleyfi vegna - mengunarvarna.

<u>Nafn fyrirtækis</u>	<u>Aðsetur</u>	<u>Sveitarfélag</u>	<u>Starfsemi</u>
Vélboði ehf.	Eyrartröð 6	Hafnarfjörður	járnsmíði
Stál-Orka hf.	Hvaleyjarbraut 37	Hafnarfjörður	járnsmíði
Kuldi ehf.	Grandatröð 2	Hafnarfjörður	þjónustuaðili fyrir kælitæki
Blikkhella ehf.	Trönuhraun 2	Hafnarfjörður	blikksmiðja
Blikktækni ehf.	Kaplahraun 2-4	Hafnarfjörður	blikksmiðja
Vélsmiðja Péturs Auðunssonar ehf.	Óseyrarbraut 3	Hafnarfjörður	járn-, stál- og vélsmiðja
Freyðing ehf.	Kaplahraun 10	Hafnarfjörður	verktakastarfsemi
Sölusamband ísl. fiskframleiðenda	Fornubúðir 5	Hafnarfjörður	fiskvinnsla
Fiskverkunin Björg ehf.	Óseyrarbraut 1	Hafnarfjörður	fiskvinnsla
Samstál ehf.	Helluhraun 8	Hafnarfjörður	járnsmíði
Stálvirki hf.	Skútahraun 9a	Hafnarfjörður	vélsmiðja
Títón ehf.	Grandatröð 2	Hafnarfjörður	málmsmíði
Allt Blikkverk	Stapahraun 6	Hafnarfjörður	blikksmiðja
Iso Tækni ehf.	Dalshraun 9	Hafnarfjörður	rennismíði
SS Járnsmíði ehf.	Trönuhraun 5	Hafnarfjörður	vélsmiðja
Fiskvinnslan Kópavörf hf.	Grandatröð 10	Hafnarfjörður	fiskvinnsla
Gullþorskur ehf.	Eyrartröð 18	Hafnarfjörður	fiskvinnsla
Rafgeymasalan hf.	Dalshraun 17	Hafnarfjörður	rafgeymaverkstæði
Sæfold ehf.	Eyrartröð 4	Hafnarfjörður	fiskvinnsla
Sævar Hlöðversson	Helgubraut 8	Kópavogur	réttingaverkstæði og bílasprautun.

Samþykkt með fyrirvara um athugasemdir sbr. gr. 72.2 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum

5. Vatnsverndarsvæði - skógræktarsvæði í Leirdal.

Lagt fram bréf Skógræktarfélags Garðabæjar dags. 16.2.1999 ásamt áætlun dags. 3. mars 1999 um að taka í notkun skógræktarsvæði í Leirdal ofan Bláfjallavegar framundan Lönguhlíð.

Kynnt afstaða framkvæmdastjórnar heilbrigðisefirlits á höfuðborgarsvæðinu sbr. 6. gr. samþykktar nr. 636/1997 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar.

Heilbrigðisnefnd samþykkir fyrir sitt leyti áætlun Skógræktarfélags Garðabæjar til uppgræðslu á fjarsvæði með vísun til 32. gr. ofangreindrar samþykktar.

6. Umsagnir.

6.1 Eyðing vargfugls.

6.1.1 Bæjarritari Garðabæjar

Lagt fram bréf bæjarritara Garðabæjar dags. 25.02.1999, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um erindi Andrésar Bjarnasonar og Bjarna Jónssonar um eyðingu vargfugls, dags. 17. febrúar 1999.

Lagt fram afrit af bréfi Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 17. mars 1998 um eyðingu vargfugls og minnisblað heilbrigðisfulltrúa dags. 8. mars 1999 vegna þessa erindis.

Heilbrigðisnefnd telur ekki ástæðu til aðgerða gegn vargfugli á þessu svæði sbr. 49. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, með síðari breytingum og með vísun til álits Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 17. mars 1998 mælir nefndin ekki með kostnaðarsömum aðgerðum vegna annarra sjónarmiða að svo komnu máli.

6.1.2 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði frá 1. mars 1999 um eyðingu minka, refa og vargfugla í landi Hafnarfjarðar, þar sem m.a. er óskað álits heilbrigðiseftirlitsins á veitingum leyfa til notkunar skotvopna í þéttbýli.

Heilbrigðisnefnd telur engin þau vandamál til staðar í umdæminu af vargfugli sem leiði til þess að þörf sé á að veitt séu almenn leyfi til að skjóta fugl eða til notkunar skotvopna við meindýraveiðar í eða nálægt þéttbýli á svæðinu. Aðeins í undantekningar tilfellum getur meindýraeyðir þurft að fá slíkt leyfi til að leysa ákveðin vandamál og skal það þá gert í samráði við heilbrigðisfulltrúa og lögreglu.

6.2 Hæðasmári 4 - veitingahús.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 19. feb. 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Ólafs Þórs Jónssonar, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Lystauka ehf. að Hæðarsmára, Kópavogi. Samþykkt að mæla með leyfi.

6.3 Auðbrekka 25-27, - Veitingasalur.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 19. feb. 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Halls Eyfjörð Þórðarsonar, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Stúdíó - Val ehf., að Auðbrekku 25-27, Kópavogi. Samþykkt að mæla með leyfi.

6.4 Reykjavíkurvegur 60, - Veitingahús.

a) Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði frá 4. janúar 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Einaris Halldórssonar, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Vaxandi ehf, Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Samþykkt að mæla með erindinu.

b) Lagt fram bréf stjórnarsýslu- og fjármálasviðs Hafnarfjarðarbær dags. 4. janúar 1999, þar sem óskað er umsagnar um vínveitingaleyfi fyrir veitingastaðinn að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Samþykkt að mæla með erindinu.

6.5 Strandgata 55, - Veitingahús.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði frá 19. janúar 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Jóhannesar Viðars Bjarnasonar, sem sækir um endurnýjun á veitingaleyfi fyrir Fjörukránna ehf að Strandgötu 55, Hafnarfirði.

Ennfremur lagt fram bréf fyrirtækisins dags. 10.02.1999, þar sem óskað er endurskoðunar á kröfu um fjölgun salerna við Fjörugarðinn.

Samþykkt að mæla með veitingu leyfis til eins árs.

Frestur veittur varðandi fjölgun salerna í eitt ár, meðan reynt er hvort úrbætur í rekstri séu nægjanlegar svo endurskoða megi kröfuna.

6.6 Mjósund 2, - Kaffihús.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði frá 26. janúar 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Kristjáns Helgasonar, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Fagran fisk í sjó ehf, Nönnukot, Mjósundi 2, Hafnarfirði. Samþykkt að mæla með leyfi fyrir veitingastofu.

6.7 Strandgata 34, - Veitingahús.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 10. feb. 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Guðbjargar Óskar Friðriksdóttur, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Kaffistofuna í Hafnarborg, að Hafnargötu 34, Hafnarfirði.

Samþykkt að mæla með erindinu.

6.8 Reykjavíkurvegur 68, - Veitingahús.

Lagt fram bréf stjórnýslu- og fjármálasviðs Hafnarfjarðarbæjar dags. 10. febrúar 1999, þar sem óskað er umsagnar um vínveitingaleyfi fyrir veitingastaðinn Singapor, Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði. Samþykkt að mæla með erindinu.

6.9 Drög að 11 af 27 reglugerðum sem eru byggðar á mengunarvarnareglugerð.

Lagt fram bréf Umhverfissráðuneytis dags. 25.2. 1999 þar sem óskað er umsagnar um drög að 11 af 27 reglugerðum sem eru byggðar á mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum og viðeigandi gerðum EES-samningsins. Óskað er eftir umsögn fyrir 19. mars. n. k. Starfsmönnum heilbrigðiseftirlitsins falið að veita umsögn um þær reglugerðir sem mestu máli skipta í starfi heilbrigðiseftirlitsins.

7. Gjaldkrá fyrir heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði.

Kynnt frumvarp til breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lögð fram og kynnt drög að leiðbeinandi reglum umhverfissráðherra um uppbyggingu gjaldskráa fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit. Drög að nýrri gjaldskrá kynnt.

8. Önnur mál

8.1 Álverið í Straumsvík

Ákveðið að fara í vettvangsskoðun í álverið í Straumsvík 20. apríl n. k. kl. 8:30.

Starfsmenn viku af fundi.

8.2 Starfsmannamál

Nefndarmenn ræddu starfsmannamál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00.

Árni Sverrisson

Sigrún Ingólfssdóttir

Sigurgeir Ólafsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Þóra Guðnadóttir